

Komið sæl

Ég vona að sumarið hafi verið ykkur ánægjulegt. Nú er starfið að komast í fullan gang hjá okkur í Krílakoti en við erum að stilla saman strengi svo veturinn megi verða faglegur og góður í alla staði.

Það hafa orðið smá breytingar í starfsmannahópnum eins og gengur og gerist. Kynning á skiptingu starfsfólks á deildir má sjá hér til hliðar. Sylwia sem verður á Hólakoti kemur á mánudaginn til starfa. Sylwia er með uppeldismenntun, hún er pólsk, talar líka ágæta ensku en ætlar að leggja sig fram við að læra íslensku og ætlum við að vera henni innan handar. Margrét Lára verður eitthvað frá eldamenskunni í vetur og ætlar Silvía Grettisdóttir að leysa hana af. Hún var að koma frá Reyðarfirði og starfaði þar í leikskóla, fyrst í eldhúsinu og svo á deild með börnunum.

Fréttabréfið frá leikskólastjóra mun koma út í hverjum mánuði auk þess sem hver deildarstjóri mun setja mánaðarskrá inn á heimasíðuna svo þið getið fylgst vel með. Hver deild mun setja inn myndir reglulega auk þess sem við skellum inn fréttum annað slagð á heimasíðuna. Lykilorð eru inn á heimasíður og ættu allir að hafa fengið sent til sín aðganginn en ef ekki þá endilega hafið samband.

Heimir Ingimarsson ætlar að starfa hjá okkur í vetur á vegum Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar og verður með tónlistarstundir á Hólakoti og Skakkalandi á mánudögum. Skóladagatal er komið inn á síðuna og hvet ég ykkur til að kynna ykkur vel starfið og sérstaklega þá daga sem leikskólinn lokar 12:15 og er lokaður allan daginn vegna funda og skipulags.

Aðlögun er nú lokið að sinni og eru börnin við það að taka okkur í sátt. Það tekur alltaf smá tíma að kynnast nýju fólki og nýju umhverfi sem gefur að skilja en sem betur fer, allra vegna, endar þetta með því að öll dýrin í skóginum verða vinir.

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.

Starfsmannahald

veturinn 2013-2014

Skýjaborg—16 börn:

Steinunn, deildarstjóri

Gunna

Ásdís

Herdís

Anna

Skakkaland 17 börn:

Ágústa, deildarstjóri

Lilja Rós

Elva Ósk

Sigrún Ingibjörg.

Hólakot: 20 börn

Arna, deildarstjóri

Fanney

Inga Siddý

Sylwia

Dóra

Eldhús og miðja

Halldóra matráður

Margrét Lára aðstoðarmatráður

Drífa leikskólastjóri

Sigrún Björk flakkar á milli deilda.

Silvía—afleysing



Grænfáninn

Stefnan er að öll börn í Krílakoti fái poka að gjöf frá skólanum eða foreldrafélagi fyrir óhreinan fatnað til að ferðast með milli heimilis og skóla.

Þetta var ákveðið á foreldrafundinum.

"Allt er vænt sem vel er grænt"



Foreldraráð 2013-2014

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Hanna Kristín (Hákon Þór)

Helga (Eyrún Hekla)

Karl Ingi (Brijet Þóra)

Freyr (Þórlaug Diljá)

Uppbyggingarstefnan

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi



Vinum saman að því að byggja upp einstaklinga með tilliti til þarfa þeirra, við erum jú misjöfn eins og við erum mörg.

Bílastæði

Vinsamlegast keyrði varlega inn á bílastæðið þegar þið komið með börnin og sækið. Foreldrar eru á leið til og frá bílum sínum með börnin og mikilævægt að fara varlega.

Foreldrafundur september 2013

Ég vil þakka góðan fund en til upplýsinga fyrir þá sem ekki sáu sér fært að vera með okkur koma hér smá upplýsingar um hvaða ákvarðanir voru teknar.

⇒ **Hækkað var gjaldið í foreldrafélag** úr 300 krónum á fjölskyldu í 500 krónur á hvert barn.

⇒ **Jólaballið** verður framvegis í höndum foreldra utan leikskólatíma en verður haldið í Bergi. Jafnvel seinni part á virkum degi, en verður auglýst um leið og foreldrafélag hefur fest tíma.

⇒ **Það var farið yfir nýjar reglur í fataherbergjum** til að tryggja að öll börn hafi hreinan fatnað í upphafi skóladags. Ákveðið var að allir foreldrar fara yfir hólfi barnanna á hverjum degi, fara heim með það sem þarf að þurrka, þvo eða skola en setja það sem hreint er og má nota aftur í/eða ofan á töskurnar í efri hillu hólfsins. Þannig að í lok dags hangi engin flík né laus fatnaður liggja í hillunni. Skór og stígvél mega vera á sínum stað á gólfinu, séu þeir þurrir og hreinir. Hólfin eru svo tæmd á föstudögum eins og áður. Að morgni dags er síðan æskilegt að foreldrar komi með þurran fatnað og taki uppúr töskunum og hengi eða leggi í hilluna það sem nota skal yfir daginn.

Einhverjir hafa lýst óánægju sinni með þessar nýju vinnureglur og enn aðrir eru fullkomlega sáttir.

Til upplýsinga þá var þörf á að setja einhverjar reglur varðandi fataherbergi skólans þar sem úrbóta var þörf, fatnaður barnanna var oft mjög skítugur og/eða blautur að morgni dags síðasta vetur. Það var ekki ásetningur foreldra heldur voru foreldrar stundum að flýta sér heim í lok dags og gleymdu að skanna fatnaðinn eftir daginn eða héldu jafnvel að fatnaður barnanna næði að þorna yfir nótt sem var ekki alltaf raunin enda um 40 gallar saman komnir á þessu svæði, gluggar lokaðir yfir nóttina og myndaðist rakt loft.

Síðasta vetur var stöðugt verið að ítreka við foreldra að taka blautan og skítugan fatnað heim sem var ekki framfylgt nægjanlega og er það ástæða þess að kennarar settust niður og skoðuðu hvaða leiðir væru færar.

Eins og ég sagði á foreldrafundinum og segi þeim sem samband hafa við mig þá er þetta tilraunaverkefni og verður metið hvernig gengur. Sé þetta óvinnandi vegur fyrir foreldra munum við endurskoða þetta og setja þá nýjar reglur fyrir fataherbergið, því eitthvað þarf að gera til að bæta ástandið. Það væri þá gott að fá einhverja foreldra með okkur, setja niður kosti og galla og finna leiðir til lausna.



⇒ **Leikföng:** Eitt foreldri vakti máls á því að sum börn eru að koma með leikföng eða tengihluti í leikskólann sem er andstætt stefnu skólans. Við viljum minna á að börn eiga ekki að koma með leikföng í skólann. Sum eru með tengihluti og er það í góðu lagi en gott er að geyma allt saman í hólfi barnanna sem síðan er sótt þegar barnið leggur sig í hádeginu. Einhverjir geyma líka tengihlutinn sinn í leikskólanum hjá teppinu og koddanum sem er líka gott mál.

Tónar eiga töframál

Heimir kemur á mánudögum frá 9-10 til okkar og er með tónlistarstundir. Í september er hljóðfæri mánaðarins Harmonikka. Börnin fá að prófa hljóðfærið og fá mynd af hljóðfærinu heim sem börnin hafa litað. Sungnir eru söngvar sem Heimir hefur valið fyrir stundirnar:



Vinur minn

Í leikskóla er gaman

Gull og perlur

Óskasteinar

Hafið bláa hafið

Í Hlíðarendakoti

Hvað gefa dýrin okkur

Maístjarnan

Kvæðið um fuglana

Lofsöngur

Söngbók

Við eigum til sölu söngbók Krílakots en þar er að finna flest þau lög sem við syngjum hér í Krílakoti.

Eintakið kostar 500 krónur.

Við bendum líka á heimasíðu

<http://bornogtonlist.net/>

sem hefur að geyma marga þá söngva sem við syngjum með börnunum. Þar er að finna texta af mörgum þeim söngvum og einnig er stundum hægt að sjá myndskaið.

Við hvetjum foreldra til að kíkja á síðuna og jafnvel með börnunum því þau hafa virkilega gaman að því að horfa á myndskaiðin þar sem kennarar og börn syngja saman.

Mentor.is

Mentor er eitthvað sem foreldrar grunnskólabarna kannast sjálfsagt vel við en við í leikskólunum höfum ekki nýtt okkur mentor nema til að halda utan um upplýsingar um barnahópin auk þess að senda póst til foreldra í gegnum það kerfi. Það er á döfinni að nýta okkur það meira og því er mikilvægt að allir foreldrar hafi aðgang. Hafi einhver ekki aðgang að mentor þá endilega sendið póst á drifa@dalvikurbyggd.is og ég mun senda ykkur lykilorð um hæl.

Inni á mentor getið þið séð upplýsingar um barnið ykkar, nöfn foreldra, heimilisföng og símanúmer. Sé eitthvað af þeim upplýsingum rangar er mikilvægt að þið sendið okkur réttar upplýsingar svo við getum lagfært þær.

Í mentor getið þið einnig séð lista yfir barnahópin ef þið þurfið að ná til



Foreldrafélag Krílakots Skólaárið 2012-2013

Ágústa Kristín (Magnea Kristín)
Snæþór (Hólmar Elí)
Guðríður (Hákon Bragi)
Arnar (Daníel Ragúels)

Stöndum saman að velferð barna okkar

Læsi—söguskjóður

Söguskjóðurnar okkar bíða nú eftir að heimsækja börnin heim. Við erum að skipuleggja hvernig best er að haga útláni þannig að sem flestir geti fengið poka heim sem vilja. Vinsamlegast sendið póst á drifa@dalvikurbyggd.is ef áhugi er fyrir hendi. Haft verður samband um leið og búið er að koma verkefninu af stað í samstarfi við Kátakot og fræðsluskrifstofu.

Jafnrétti

Í vetur ætlum við að vinna með jafnrétti í víðu samhengi og heitir verkefið "Setjum gleraugun á nefið".

Við fáum fyrirlesara til okkar, förum í umræðuhópa og fáum jafnvel foreldra til liðs með okkur. Markmiðið er að auka vísýni og skoða þann efnivið sem skólinn býður upp á leik og starfi. Við fjöllum nánar um verkefnið síðar.